

Orð og gjörðir verða að fara saman

Eftir Arthur Bogason

Sjálfsagt finnst einhverjum skjóta skökku við að eitthvað eigi að vera frjálst á Íslandi.

Ég er því ósammála.

Í áratugi hef ég verið þeirrar bjargföstu sannfæringar að handfæraveiðar og króka veiðar smábáta við Íslandsstrendur eigi að vera „frjálsar“ – svo langt sem það nær. Þ.e. hverjum Íslendingi heimill aðgangur að hinni sameiginlegu auðlind að uppfylltum sjálfsögðum skilyrðum um skipstjórnarmenntun, haffæri báts, kunnáttu varðandi öryggisbúnað og ekki síst meðhöndlun afla.

Ég set orðið frjálsar innan gæsallappa af drjúgri ástæðu. Það sem hamlar sjósókn lítilla fiskibáta við Íslandsstrendur hefur ekkert breyst í aldanna rás: lega landsins og náttúruvarar norðurhvelsins. Smábátar eru ofurseldir ytri aðstæðum: veðri, fiskgengd á heimamið, straumum og birtu, svo fátt eitt sé nefnd. Þá segir sig sjálft að einmenningssjósókn er viðkvæmari en önnur útgerð fyrir veikindum og bilunum. Til þeirrar staðreyndar er ekkert tillit tekið í lögum um stjórn fiskveiða.

Tískuorð dagsins er umhverfismál. Landssamband smábátaeigenda hóf þá umræðu strax við stofnun félagsins 1985 – fyrir 35 árum. Það féll vægast sagt í grýttan jarðveg stórútgerðarinnar, sú umræða var enda talsvert á undan tíðarandanum. Stórútgerðin lét jafnvel eftir sér að hæðast að því sem smábátaeigendur sögðu og spurðu opinberlega hvort ekki væri rétt að hverfa aftur til ára og segla.

Nokkrum árum síðar birtust á heimasíðu LÍÚ myndir af seglknúnum togurum/fraktskipum. Batnandi mönnum er best að lifa

Alla tíð síðan 1985 hefur Landssamband smábátaeigenda bent á að umhverfisáhrif veiðarfæra eigi að veiga þungt þegar kemur að ákvörðunum um hvernig eigi að verja



Arthur Bogason

fiskimiðin. Eiga það að vera þeir sem nota þung botndregin veiðarfæri eða þeir sem leggja streng á bóllum eða renna sökkum á slóða? Stjórnvöld hafa hingað til þagað óþægilega þunnu hljóði.

Sjálfur hélt ég, greinilega í barnslegri trú, að stjórnvöld vildu láta gjörðir fylgja orð-

» Á sama tíma og stórum togveiðiskipum er hleypt inn á veiðisvæði nálægt landi leitast stjórnvöld við að draga úr veiðheimildum smábátanna.

um í umhverfisumræðunni. T.d. að togveiðisvæði á landgrunninu yrðu smám saman minnkuð, ekki í einhverjum æðibunugangi – en allavega dregin saman. Staðreynd dagsins er öðru nær. Á sama tíma og allt snýst um loftslagið þá virðist engu skipta að verið er að stækka togsvæði stórra togara innan 12 mílna landhelginnar – landhelgi smábátanna. Ef hlutunum yrði snúið við, þ.e. litið á fiskimiðin sem loftslagið, mætti þá búast við því að þungar vinnuvélar með tröllstórar díselvélar yrðu ekki bara heimilaðar á helstu umferðaræðum landsins, heldur hvatt til aukningar?

Orð og gjörðir verða að fara saman svo mark sé á takandi. Það er ekki raunin á Íslandi. Á sama tíma og stórum togveiðiskipum er hleypt inn á veiðisvæði nálægt landi leitast stjórnvöld við að draga úr veiðheimildum smábátanna, þeirra sem nota þau veiðarfæri sem minnstri röskun valda í umhverfi hafsins.

Það er kominn tími til að stjórnvöld rökstyðji þessar ákvarðanir.

Höfundur er formaður
Landssambands smábátaeigenda.
arthur@smabatar.is